

Glæsilegt land með 33 lóðum til sölu!

Til sölu eru 33 lóðir í Höfuðbóli við Leirubakka, á bökkum Ytri-Rangár. Lóðirnar eru allar yfir einn hektari að stærð og á hverri lóð má byggja að minnsta kosti tvö hús. Svæðið er þekkt fyrir mikla náttúruvegur og einstaka fjallasýn þar sem sjá má Heklu, Bjólfell, Búrfell, Eyjafjallajökul og Þríhyrning. Svæðið er mosavaxið og mikill birkiskógur er að vaxa upp.

Örskammt er inn á hálendið með margar helstu náttúruperlum landsins svo sem Landmannalaugar, Hrafninnusker, Veiðivötn og Friðland að fjallabaki að ógleymdri Heklu. Merktar gönguleiðir eru komnar í nágrennið og til dæmis búið að marka gönguleið inn í Landmannalaugar með mörgum merkilegum áfangastöðum.

Þetta svæði er því þekkt meðal útivistarfólks og náttúruunnenda og hentar vel til útivistar bæði sumar og vetur. Mikið fuglalíf einkennir svæðið, uglur og rjúpur og allir helstu mófuglar landsins verpa þarna og undanfarin ár hafa hafarnir haft aðsetur við Ytri-Rangá.

Kjörið tækifæri fyrir fyrirtæki í náttúruferðum fyrir ferðamenn, fyrir vinahópa, jeppafólk eða göngufólk til að eignast land á frábærum stað, aðeins 100 km frá Reykjavík en þó við jaðar hálendisins. Margvíslega þjónustu má sækja á hinn vinsæla ferðamannastað Leirubakka þar sem meðal annars er rómað veitingahús og sýning um eldfjallið Heklu og sögu þess. Lóðirnar seljast allar saman eða í nokkrar saman til tengdra hópa. Allar nánari upplýsingar eru gefnar í síma 8935046 og á netfanginu fjallaland@fjallaland.is Ekki hika við að hafa samband!

